

**HEILBRIGÐISNEFND**  
**HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS**  
**195. fundur – 27. október 2014**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 27. október 2014. Fundarstaður skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ.  
Fundurinn hófst kl. 16.15. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Guðmundar H. Einarssonar, sem ritaði fundargerð.

Fundargerð 194. fundar heilbrigðisnefndar frá 29. september 2014.

**1 Fundargerð 172. starfsmannafundar frá 22. október 2014**

**1.1 Starfsleyfi**

**1.1.1 Ljósakur 18, Garðabær - dreifing á matvöru**

Lögð fram umsókn Dagmars S. Gunnarsdóttur, f.h. Scandic P. Heildverslun ehf., kt. 440411-1690, dags. 23.09.2014, þar sem sótt er um leyfi til dreifingar á matvöru frá Ljósakri 18, Garðabæ. Húshluti: bílskúr. Ný starfsemi  
Staðfest tímabundið starfsleyfi til 12.01.2015.

**1.1.2 Miðhraun 2, Garðabær – sala á matvöru**

Lögð fram umsókn Guðmundar Þórðarsonar, f.h. BBL II ehf, kt. 430611-2400, dags. 7.10.2014, þar sem sótt er um leyfi til sölu matvæla í líkamsræktarstöð að Miðhrauni 2, Garðabæ.  
Viðbót við starfsemi.  
Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er samþykkt umbeðin breyting á starfsleyfi.

**1.1.3 Sveinskot, Garðabær – niðurrif fasteignar**

Lögð fram umsókn Brotafis, kt. 490108 - 2030, dags. 21.10.2014, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á Sveinskoti í landi Sveinskots. Tímabundin starfsemi.  
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi til sex vikna samþykkt með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

**Hafnarfjörður**

**1.1.4 Dalshraun 13, Hafnarfjörður – kaffihús**

Lögð fram umsókn Kristínar Jóhannesdóttur f.h. Kornsins ehf., kt. 571201-6230, dags. 9.10.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kaffihúss auk verslunar með brauð og kökur að Dalshrauni 13, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0101. Eigendaskipti.  
Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

**1.1.5 Grandatröð 12, Hafnarfjörður, pökkun matvæla**

Lögð fram umsókn Halldórs Berg, f.h. H-Berg ehf., kt. 640707-0110, dags. 6.10.2014, þar sem sótt er um leyfi til pökkunar á matvælum að Grandatröð 12, Hafnarfirði. Ný starfsemi.  
Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

**1.1.6 Herjólfsgata 34, Hafnarfjörður, niðurrif**

Lögð fram umsókn Hjalta Guðjónssonar f.h.Herjólfsgötu 30 ehf., kt. 630614-0580, dags. 3.10.2014, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs húsa að Herjólfsgötu 34. Tímabundin starfsemi.  
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er staðfest starfsleyfi til 1.12.2014.

**1.1.7 Óseyrarbraut 5, Hafnarfjörður – mjöl og vinnsla á lýsi**

Lögð fram umsókn Elnu Eðvaldsdóttur f.h. S.Iceland ehf., kt. 660271-0159, dags. 20.10.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs lítillar próteina- og lýsisvinnslu að Óseyrarbraut 5, Hafnarfirði.  
Ný viðbótar starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt að auglýsa drög að starfsleyfi með gildistíma til fjöggra ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

#### 1.1.8 Óseyrarbraut 23, Hafnarfjörður – bensínstöð

Lögð fram umsókn Guðrúnar Rögnu Garðarsdóttur f.h. Atlantsolía ehf., kt. 590602-3610, dags. 6.10.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sjálfsafgreiðslustöðvar á eldsneyti að Óseyrarbraut 23, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

#### 1.1.9 Reykjavíkurvegur 54, Hafnarfjörður – þvottaaðstaða fyrir ökutæki

Lögð fram umsókn Páls Más Magnússonar, f.h. Löður ehf., kt. 580912-0280, dags. 7.10.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs „sjálfsölupvottaadstöðu“ fyrir ökutæki að Reykjavíkurvegi 54, Hafnarfirði. Húshluti: 03. Ný starfsemi. Í gögnum máls eru tölvupóstur frá umsækjanda dags. 7.10.2014, teikningar er sýna áformaðar breytingar dags. 01.10.2014 og niðurstöður mælinga dags. 21.8.2014, á hljóðstigi frá annarri stöð sem fyrirtækið rekur.

Afrit af erindi heilbrigðiseftirlits til byggingafultrúa með umsögn um teikningar, dags. 8.10.2014 vegna fyrirhugaðs rekstrar. Fyrirspurn var send byggingafultrúa varðandi samþykkt notkun fasteignar dags. 8.10.2014.

Bréf heilbrigðiseftirlits til umsækjanda dags. 8.10.2014 um frekari gögn þ. m. t. að að æskilegt væri að fyrir lægi samþykki húseiganda og lóðarhafa ef umsóknin yrði samþykkt í auglýsingu.

Lagður fram tölvupóstur dags. 20.10.2014 frá matvælafyrirtæki sem mótmælir áformaðri starfsemi. Lagður fram tölvupóstur sviðstjóra bygginga- og skipulagsmála í framhaldinu til kvartanda, þar sem fram kemur að umbeðin gögn vegna fyrirhugaðs rekstur hafi ekki borist bygginga- og skipulagsráði Hafnarfjarðar svo að ákvarðanatataka þess gæti farið fram.

Heilbrigðisnefnd ber samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 785/1999, (breyting 177/2014) að leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa um þætti er varða skipulagsmál byggðaðþróun og samþykkt notkun fasteignar. Ekki liggur fyrir samþykki bygginga- og skipulagsráðs Hafnarfjarðar og er afgreiðslu starfsleyfisumsóknar frestað.

#### 1.1.10 Skútahraun 7, Hafnarfjörður – kaffibrennsla

Lögð fram umsókn Birgis Finnbogasonar f.h. S.L. kaffi ehf., kt. 650909-0460, dags. 25.09.2014, þar sem sótt er um leyfi fyrir kaffibrennslu að Skútahrauni 7, Hafnarfirði. Húshluti.: 08 103. Eigendaskipti. Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

#### 1.1.11 Stapahraun 3, Hafnarfjörður – verkstæði fyrirtækis

Lögð fram umsókn Sigmundar Dýrfjörð f.h. Te og Kaffi hf., kt. 530484-0179, dags. 2.10.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verkstæðis fyrirtækis að Stapahrauni 3, Hafnarfirði.

Húshluti: Allt húsið. Endurnýjun

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

#### 1.1.12 Stapahraun 4, Hafnarfjörður – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Sigmundar Dýrfjörð f.h. Te og Kaffi hf., kt. 530484-0179, dags. 2.10.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs eldhús og matvælavinnslu að Stapahrauni 4, Hafnarfirði.

Húshluti: Allt húsið. Endurnýjun

Afgreiðslu frestað þar sem úttekt er ekki lokið.

#### 1.1.13 Stapahraun 9 Hafnarfjörður – vörugeymsla og dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Sigmundar Dýrfjörð f.h. Te og Kaffi hf., kt. 530484-0179, dags. 2.10.2014, þar sem sótt er um leyfi fyrir afgreiðslu og dreifingu matvæla að Stapahrauni 9-11, Hafnarfirði.

Húshluti: bæði húsin. Breyting á húsnæði.

Afgreiðslu frestað þar sem úttekt er ekki lokið.

#### 1.1.14 Stapahraun 11, Hafnarfjörður – kaffibrennsla og tepökkun

Lögð fram umsókn Sigmundar Dýrfjörð f.h. Te og Kaffi hf., kt. 530484-0179, dags. 2.10.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kaffibrennslu og tepökkunar að Stapahrauni 11, Hafnarfirði.

Húshluti: Allt húsið. Breyting á húsnæði.

Bréf sent byggingafulltrúa varðandi samþykkt notkun fasteignar dags. 3.10.2014.

Afgreiðslu frestað þar sem úttekt er ekki lokið.

### Kópavogur

#### 1.1.15 Borgarholtsbraut 19, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Kristínar Jóhannesdóttur, f.h. Kornid ehf., kt. 571201-6230, dags.9.10.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með brauð, kökur og skildar vörur að Borgarholtsbraut 19, Kópavogi. Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 1 árs meðan unnið er að úrbótum.

#### 1.1.16 Búðarkór 1, Kópavogi - kaffihús

Lögð fram umsókn Kristínar Jóhannesdóttur, f.h. Kornid ehf., kt. 571201-6230, dags. 9.10.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kaffihús ásamt verslun með brauð, kökur og skildar vörur að Búðarkór 1, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkt notkun fasteignar.

#### 1.1.17 Fagraþing 4, Kópavogi - gististaður

Lögð fram umsókn Vilborgar Ámundsdóttur, f.h. Gylfahlöt 20 ehf., kt. 500205-0750, dags. 10.10.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistingar í íbúð að Fagraþingi 4, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

#### 1.1.18 Hamraborg 11, Kópavogur – gistiheimili

Lögð fram umsókn Arnþórs Þórðarsonar, f.h. Sólkötlu ehf., kt. 440214-1260, dags. 17.10.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistiheimilis að Hamraborg 11, Kópavogi.

Húshluti: 01 0201, 01 0301. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað og óskað eftir nýjum teikningum þar sem gera þarf grein fyrir hreinlætisbúnaði sbr. 27. gr. reglugerðar um hollustuhætti.

#### 1.1.19 Hlíðasmári 15, Kópavogur - veitingastaður

Lögð fram umsókn Atla Þórs Albertssonar, f.h. Parma Pizzeria ehf (Italiano Pizzeria), kt. 491014-1210, dags. 13.10.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingarstaðar að Hlíðasmára 15, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkt notkun fasteignar.

#### 1.1.20 Kópavogsbraut 115, Kópavogur - sjálfsafgreiðsla á eldsneyti

Lögð fram að nýju umsókn Símonar Kjærnested, f.h. Atlantsolía ehf., kt. 590602-3610 dags. 22.8.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sjálfsafgreiðslu á eldsneyti í eitt ár að Kópavogsbraut 115, Kópavogi. Húshluti: Öll mannvirki á lóð. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 1 árs.

#### 1.1.21 Kópavogstún 22, Kópavogur - niðurrif

Lögð fram umsókn Brotafis kt. 490108 - 2030, dags. 14.10.2014, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á hluta skemmu við gamla Kópavogsbæinn. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er staðfest starfsleyfi til 15.11.2014.

#### 1.1.22 Nýbýlavegur 2, Kópavogur - bónstöð

Lögð fram umsókn Krzysztofs Rzeszótko, f.h. Ecoprifa ehf., kt. 460814-0300 dags. 26.09.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bónstöðvar að Nýbýlavegi 2, Kópavogi. Húshluti: hluti 1 hæðar í rými Dekkverks, Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkt notkun fasteignar.

## 1.2 Umsagnir

### Garðabær

#### 1.2.1 Fjölbrautarskólinn Garðabæ – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags.2.10.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Knattspyrnudeildar Stjórnunnar, kt. 580589-1389, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu sem haldin verður þann 4.10.2014, frá kl. 20.00 – 02.00 fyrir allt að 200 manns, í Fjölbrautaskólanum Garðabæ. Jákvæð umsögn staðfest.

#### 1.2.2 Fjölbrautarskólinn Garðabæ – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags.1.10.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Rótarýklúbbsins Görðum, kt. 470992-2479, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu sem haldin verður þann 10.10.2014, frá kl. 14.00 – 24.00 fyrir allt að 150 manns, í Fjölbrautaskólanum Garðabæ. Jákvæð umsögn staðfest.

Guðmundur H. Einarsson vék af fundi við afgreiðslu þessa erindis

#### 1.2.3 Fjölbrautarskólinn Garðabæ – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 9.10.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Handknattleiksdeildar Stjórnunnar, kt. 460180-0159, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu sem haldin verður þann 17.10.2014, frá kl. 18.00 – 24.00 fyrir allt að 150 manns, í Fjölbrautaskólanum Garðabæ. Jákvæð umsögn staðfest.

### Hafnarfjörður

#### 1.2.4 Strandgata, Bæjarbíó Hafnarfirði – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 2.10.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Menningar og listafélags Hafnarfjarðar, kt. 510507-3550, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu sem haldin verður þann 3.10.2014, frá kl. 18.00 – 23.30 fyrir allt að 200 manns, í Bæjarbíó Strandgötu, Hafnarfirði. Jákvæð umsögn staðfest.

### Kópavogur

#### 1.2.5 Fagraþing 4, Kópavogur – gististaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 19.09.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Gylfafiöt ehf., kt. 500205-0750, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað samkvæmt flokki II að Fagraþingi 4, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 27.10.2014 starfsleyfi fyrir gististað skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki II, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn er veitt fyrir gististað.”

#### 1.2.6 Hestheimar 14-16, Kópavogur – samkomusalur, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 9.10.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sprettur rekstrarfélag ehf., kt. 580713-0680, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir samkomusal samkvæmt flokki II að Hestheimum 14-16, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 2.06.2014 starfsleyfi fyrir samkomusal skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki II, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn er veitt fyrir samkomusal.”

#### 1.2.7 Hlíðarsmára 15, Kópavogur – veitingahús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 14.10.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Parma Pizzeria ehf., kt. 491014-1210, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingahús samkvæmt flokki II að Hlíðasmára 15, Kópavogi. Jákvæð umsögn er staðfest.

### 1.3 Tilkynningar

1.3.1 Flatahraun 5b, Hafnarfjörður - Efni og hlutir sem koma í snertingu við matvæli  
Fyrirtækið Fagvörur ehf., kt. 500102-4890 að Flatahrauni 5b, tilkynnti dags. 10.10.2014 um dreifingu efna og hluta sem snerta matvæli sbr. ákvæði 14 gr. laga um matvæli nr. 93/1995. Staðfest er móttaka á tilkynningar sbr. ákvæði 14 gr. laga um matvæli nr. 93/1995 með síðari breytingum.

1.3.2 Smiðjuvegur 12, Kópavogur - Efni og hlutir sem koma í snertingu við matvæli  
Fyrirtækið Norpak ehf., kt. 450309-0440 að Smiðjuvegi 12, tilkynnti dags. 26.09.2014 um dreifingu efna og hluta sem snerta matvæli sbr. ákvæði 14 gr. laga um matvæli nr. 93/1995. Staðfest er móttaka á tilkynningar sbr. ákvæði 14 gr. laga um matvæli nr. 93/1995 með síðari breytingum. .

## 2 Úrgangsmál

Farið yfir stöðu úrgangsmála. Skilgreiningar á úrgangi og lög og reglugerðir sem um málaflokkinn gilda og aðkomu heilbrigðisnefndar.

## 3 Lækjarbotnar – Skóli

Lagt fram afrit af erindi kennararáðs Waldorfskólans í Lækjarbotnum og Waldorfsleikskólans Yls frá 20. október 2014 til Umhverfisstofnunar vegna loftgæðamælinga í Lækjarbotnum.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fundi sem boðað var til hjá Umhverfisstofnun þann 30. september s.l. Umhverfisstofnun boðaði til fundarins í framhaldi af erindi Umhverfis- og auðlindaráðuneytis frá 27. júní 2014.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Heilbrigðisnefnd ítrekar í ljósi fyrirliggjandi gagna að brýnt sé að frekari loftgæðarannsóknir fari fram á svæði skólastofnanna í Lækjarbotnum og í framhaldi umræðu á ofangreindum fundi Umhverfisstofnunar beinir nefndin því til Heilbrigðisnefndar Suðurlands að taka málið þegar upp við rekstaraðila orkuversins.“

## 4 Kvörtun um hundahald

Lögð fram kvörtun íbúa í Hafnarfirði vegna hundahalds nágretta.

Eftirfarandi bókun var gerð:

„Skoðun á aðstæðum hefur ekki leitt í ljós að starfsleyfis skyld starfsemi sé rekin á umræddum stað og ekki hefur heldur verið hægt að staðfesta kvörtun um ónæði.“

## 5 Lagafrumvörp og þingsályktun

### 5.1 Frumvarp um vernd afurðaheita

Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar lagafrumvarp um vernd afurðarheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu (heildarlög, EES-reglur), 154. mál.

<http://www.althingi.is/altext/144/s/0157.html>

### 5.2 Þingsályktun um matarsóun

Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að draga úr matarsóun, 21. mál. <http://www.althingi.is/altext/144/s/0021.html>

Heilbrigðisnefnd er jákvæð til þessara mála

## 6 Aðalfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða

Lögð fram til kynningar fundargerð aðalfundar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða frá 20. október 2014.

## 7 Önnur mál

### 7.1 Eldgos í Holuhrauni

Farið yfir loftgæðamælingar í ljósi eldsumbrotanna í Holuhrauni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:05

Fjölur Sæmundsson

Hörður Svavarsson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Gnýr Guðmundsson

Jón Haukur Ingvason

Svava H. Guðmundsdóttir